



Árnesi, 5.11.2024

Fundanúmer í WorkPoint : F202411-0046

## 18. Afréttarmálanefndarfundur

<b>Fundartími:</b>	<b>19:30 – 22:00</b>
<b>Boðaðir:</b>	Arnór Hans Þrándarson; Helga H. Sigurðardóttir; Sigurður Unnar Sigurðsson
<b>Fundarstjóri:</b>	Arnór Hans Þrándarson
<b>Ritari:</b>	Helga H. Sigurðardóttir
<b>Gestir:</b>	Gylfi Sigríðarson

### Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

#### Uppgjör fjallferða

Gylfi leggur fram uppgjör fjallferða 2024.

#### Hugmyndafundur

Farið yfir niðurstöður hugmyndafundar með sauðfjárbændum frá því í vor. Gylfi leggur fram þá punkta sem hann tók á fundinum.

Gylfi fer af fundinum Kl 20.30. Stjórn Starkaðar kemur á fundinn.

#### Framkvæmdaráætlun húsa á Gnúpverjafrétti

- -

Stjórn Starkaðar leggur fyrir afréttarmálanefnd framkvæmdaáætlun.

#### Bjarnalækjarbotnar-Sumar 2025

- Byggja hesthús/reiðtygjageymslu
- Skipuleggja vatnsmál
- Skipuleggja breytingar á gangnamannahúsinu

#### Sumar 2026

- Breytingar á gangnamannahúsinu
- Koma rennandi vatni inn í hús-

#### Sumar 2027

- Laga klósett mál

Fyrirhugað er að kaupa efni í hesthús/reiðtygjageymslu fyrir n.k. áramót og nota til þess þær fjárveitingar sem búið var að gefa vilyrði fyrir frá sveitarfélaginu til viðhalds og uppbyggingar í Bjarnalækjarbotnum. Til þess að ljúka byggingu mannvirkisins áætlað félagið að 2.000.000kr vanti upp á.

#### Gljúfurleit-Sumar 2025

- Setja upp kamínu sem húsið hefur hlotið að gjöf



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - [skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is) - [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)

Fyrir liggur að fara þurfi í heilmiklar framkvæmdir í Gljúfurleit vegna bágs ástands hússins.  
Starkaður mun leggja þessu verkefni lið.

Fundi slitið kl. 22.00

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:00.**

*Deir fulltrúar sem voru á fundinum staðfesta fundargerðina með rafrænni undirritun.*

# Undirritunarsíða

Arnór Hans Þrándarson

Helga Höeg Sigurðardóttir

Sigurður Unnar Sigurðsson